

Draupnir BA 40 - mat á varðveislugildi

Grunnupplýsingar

Heiti og umdæmisnúmer;
Draupnir BA 40

Skipaskrárnúmer;
6065

Safnnúmer;
<https://batasmidi.is/fs/Batasafn%20Breiðafjarðar%20-%20Báta-%20og%20hlunnindasýningin%20á%20Reykhólum/Munaskrá%20safnsins.pdf> – bls. 52

Friðlýsing;
Nei, en gæti að öllum líkindum fallið undir úthlutunarreglur Fornminjasóðs.
<https://www.minjastofnun.is/static/files/skjol-i-grein/uthlutunarreglur-fornminjasjods-12.okt-2022.pdf>

Smíðaeefni;
Fura og eik; súðbyrtur

Stærð;
L. 10,67 m, B. 3,55 m. D. 1,52 m. 10,41 brl.



Menningarsögulegt gildi

Matsþættir	Plús	Mínus	Einkunn
1. Hefur báturinn gildi fyrir félags- eða atvinnusögu þjóðarinnar eða tiltekið svæði?	Mikið gildi sem heimilis- og hlunnindabátur í Hvallátrum í Breiðafirði á síðari hluta 20 aldar.		9
2. Er báturinn dæmi um staðbundinn skipasmíðaarf, ákveðið bátalag, eintak frá tiltekinni skipasmíðastöð, eftir mikilsvirtan smíð eða ber skýr höfundareinkenni?	Já, Draupnir var smíðaður úr furu og eik 1959-60 af Aðalsteini Eyjólfi Aðalsteinssyni (1923-2014) skipasmið í Hvallátrum á Breiðafirði og var stærsti bátur sem Aðalsteinn smíðaði.		9
3. Hver er tegund báts, hlutverk og notkun? Sumir bátar fengu ný hlutverk, jafnvel án þess að vera breytt mikið, en aðrir voru fjölnota frá upphafi þannig að sami báturinn gat verið í mismunandi notkun á sínum ferli.	Aðalsteinn smíðaði bátinn fyrir sig og var hann heimilisbátur í Hvallátrum og notaður til að flytja fólk og varning. Eftir að fjölskylda Aðalsteins flutti úr Hvallátrum árið 1975 notaði Skúli Aðalsteinsson (1956-) bátinn sem fiskibát og réri frá Neskaupstað til ársins 1995.		9
4. Er báturinn dæmi um tæknilegar nýjungar eða breytingar á skipakosti þjóðarinnar, efnisvali eða búnaði? Hver er staða hans í þróun bátaflotans?	Báturinn var með stóru stýrishúsi og lokaðan hvalbak. Áður höfðu bátar eyjamanna yfirleitt verið opnir. Þessi breyting/nýjung var hinsvegar nauðsynleg þar sem verslun og þjónusta hafði dregist mikið saman í Flatey og Vestureyingar þurftu í auknu mæli að sækja þjónustu og vistir til Stykkishólms en þangað var um 2-3 klst. sigling á eldri bátum en á því varð mikil breyting þegar Draupnir var tekinn í notkun.		9
5. Aldur. Miðað er við íslenska báta eldri en 1970 en einnig yngri báta, ef sérstök ástæða þykir til, Ennfremur skip sem sem smíðuð eru erlendis fyrir 1970 og notuð hafa verið hér á landi í minnst 10 ár.	Draupnir fellur undir ákvæði í auglýsingu, nr. 1245 dags. 12.10.2022, un reglur um úthlutun úr fornminjasjóði. https://www.minjastofnun.is/static/files/skjol-i-grein/uthlutunarreglur-fornminjasjods-12.okt-2022.pdf		9
6. Hefur báturinn mikil tengsl við ákveðinn stað eða byggðarlag, sögu þess eða þekktar persónur á svæðinu?	Draupnir tengist Hvallátrun en þar var rekin öflug skipasmíðastöð í marga áratugi.		9

7. Tengjast atburðir bátnum, sem hafa gildi fyrir sögu alls landsins eða þjóðkunnar persónur, svo sem athafna- eða stjórnmalamenn?	Árið 1894 hóf Ólafur Bergsveinsson frá Sviðnum búskap í Hvallátrum og bjó rausnarbúi á fimmta áratug. Nær allan þann tíma var Ólafur eini bóndinn í Látrum en áður hafði verið margbýlt. Ungur að árum hóf Ólafur Bergsveinsson bátasmíðar hjá afa sínum, Ólafi Teitssyni í Sviðnum, og taldi í elli líklegt að alls hefði hann smíðað 60-70 báta. Faðir Ólafs Bergsveinn Ólafsson í Bjarneyjum var einnig afkastamikill bátasmiður. Aðalsteinn Eyjólfur ólst upp í Hvallátrum og bjó þar til 1975 en þá flutti fjölskyldan til Reykjavíkur. Hann lærði ungur skipasmíði af afa sínum og föðurbróður sem lærðu það af sínum forfeðrum. Hann var 18 ára þegar hann smíðaði fyrsta bátinn árið 1941. Draupnir er stærsti báturinn sem Aðalsteinn smíðaði.		9
8. Er báturinn dæmigerður fyrir sitt hlutverk, tegund eða tímabil í þjóðarsögunni?	Já		9
9. Eru til fleiri eintök af sambærilegum bátum eða er um eina varðveitta eintakið er að ræða?	Já – Farsæll BA sem líka er varðveittur á Reykhólum		9
10. Hvaða heimildir eru til um bátinn, prentaðar, óprentaðar, munnlegar, ljósmyndir, teikningar o.fl.? Hver er fjöldi og gæði þessara heimilda?	Það eru víða til heimildir um Draupnir. T.d. segir mbl. 11.6.1961 frá komu Draupnis til Reykjavíkur. https://timarit.is/files/57131782		9

Upprunalegt ástand

Matsþættir	Plús	Mínus	Einkunn
1. Að hve miklu leyti er báturinn upprunalegur, þ.e. skrokkur, þilfar, yfirbygging, innréttingar, reiði, segl, árar, vél, litaval o.fl.?	Báturinn er algjörlega upprunalegur og hefur ekkert verið breytt.		9
2. Hafa breytingar verið gerðar á bátnum,	Á ekki við		

samræmast þær sögulegu hlutverki hans eða notkun?			
3. Eru áorðnar breytingar mikilvæg ummerki um feril bátsins, ólík handbrögð og þróun atvinnuvegar?	Á ekki við		
4. Hver eru gæði fyrri viðgerða, eru þær trúar upprunaleika bátsins, upprunalegum efnum, handverki og notkun?	Á ekki við		
5. Eru ummerki um eðlilegt slit frá notkun bátsins? Það telst honum til tekna við matið ef svo er.	Já		9
6. Er báturinn sérstaklega vandaður hvað snertir handverk eða smíði eða sýnir skýr ummerki um hefðbundið handverk?	Já		9

Upplifunar og fagurfræðilegt gildi

Matsþættir	Plús	Mínus	Einkunn
Við mat á varðveislugildi er heimilt að taka tillit til upplifunar og fagurfræði en þá er gengið út frá tilfinningalegum þáttum, sjónrænni upplifun, hlutföllum og samsvörun í útliti. Líta má til þess ef bátur setur mjög sterkan svip á umhverfi sitt, t.d. á hafnarsvæði. Á það skal bent að suma báta er ekki hægt að meta á grundvelli	Við teljum bátinn hafa mikið varðveislugildi bæði frá fagurfræði og ekki síður hagnýtum ástæðum m.t.t. notkunar þeirra þegar eyjabúskap var mikið að hraka í Breiðafirði.		9
fagurfræði eða upplifunar þar sem útlit þeirra mótast fyrst og fremst af hagnýtum ástæðum.			

Ástand

Matspættir	Plús	Mínus	Einkunn
1. Almenn ásigkomulag og hvernig staðið hefur verið að viðhaldi.	Báturinn er upprunalegur en hefur látið á sjá og brýnt er að stöðva meiri hrörnun hans.		4
2. Viðhald bátsins út frá varðveislusjónarmiðum.	Fyrst og fremst að stöðva frekari skemmdir á bátnum.		4

Sjóhæfni og notkun

Matspættir	Athugasemdir
Hvort báturinn er sjóhæfur, hafður á floti eða er í notkun hluta árs. Bátar eru ekki lækkaðir í mati fyrir að vera varðveittir á þurru landi en það gefur þeim hins vegar aukið gildi ef að þeir eru á floti.	Báturinn er ekki sjóhæfur.

Varðveislugildi	Báturinn telst hafa mikið varðveislugildi
-----------------	---